

Jón Jónsson og Dagrún Ósk Jónsdóttir:

Ráðstefnustaðurinn Hólmavík



**Hugmyndavinna um að efla Hólmavík og nágrenni
sem ákjósanlegan stað fyrir minni málþing,
vinnustofur og ráðstefnur**

**Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa
Fjölmóður, fróðskaparfélag á Ströndum**

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1. Aðferðafræði	4
1.2. Tilraunir með ráðstefnuhald 2024	4
2. Samkeppni, kostir & ávinningur	5
2.1. Kostir Hólmavíkur	6
2.3. Veikleikar og áskoranir	6
2.4. Tækifæri	7
2.5. Ávinningur svæðsins & og áhrif á samfélagið	7
3. Stöðugreining: Viðburðir og málþing	8
3.1. Ráðstefnur og málþing á Hólmavík árið 2024	8
3.2. Eftirminnilegar ráðstefnur og málþing	9
4. Innviðir og aðstaða	11
4.1. Núverandi aðstaða á Hólmavík og nágrenni	11
4.2. Nauðsynlegar úrbætur	14
4.3. Samstarf við fyrirtæki, félög og stofnanir á svæðinu	14
5. Markhópagreining	15
5.1. Fræðasamfélagið	15
5.2. Fyrirtæki og stofnanir	15
5.3. Skapandi greinar	16
5.4. Alþjóðlegir hópar	16
6. Markaðssetning og ásýnd	17
6.1. Aðgreining og ímynd	18
6.2. Markaðsrásir	18
7.1. Náttúran sem ráðstefnusalur	20
7.2. Þema-viðburðir byggðir á staðbundinni menningu	20
7.3. Nýsköpun í viðburðaformi	21
7.4. Samfélagsleg tenging	21
7.5. Staðbundnar áherslur í ferðapjónustu	21
8. Tvær tilraunaráðstefnur 2024	22
8.1. Húmorþing á Hólmavík	22
8.2. Alþjóðleg ráðstefna um femínískar nálganir í þjóðfræði	24
8.3. Reynslan af þessu viðburðahaldi	28
9. Framkvæmdir og fjármögnun	30
9.1. Samstarfsmöguleikar utan Stranda	30
9.2. Tímarammi	31
9.3. Viðbrögð & sífelld vinna við úrbætur	32
9.4. Fjármögnunarleiðir	32
10. Lokaorð	33

1. Inngangur

Hólmavík er lítið þorp á Ströndum, staðsett í einstakri náttúru og í héraði sem býr yfir ríkum menningararfi sem endurspeglar sérstöðu svæðisins. Þrátt fyrir fámennið í þorpinu (alls um 300 manns) býr þetta svæði yfir óvæntri auðlegð hvað varðar menningarstarf, mannauð og félagslíf.

Þar búa óvenju margir þaulvanir viðburðastjórar og einnig lista- og fræðifólk, sem skapar óvænta dýpt hvað varðar að flétta saman ferðaþjónustu, listum, sögu og menningararfi, og þar með skapast möguleika í menningarstarfi og ferðaþjónustu.

Tvö verkefni eru á Hólmavík og nágrenni á landsmælikvarða hvað varðar rekstur og uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu, Strandagaldur sem rekur Galdrasýningu á Ströndum og Sauðfjársetur á Ströndum sem rekur safn og menningarmiðstöð í sveitinni sunnan við þorpið.

Með réttum útfærslum og nýtingu mannauðs í ferðaþjónustu og menningarstarfi gæti Hólmavík orðið einstakur áfangastaður fyrir ráðstefnur og málþing, með áherslu á minni sérhæfða hópa sem leita að rólegu, skapandi og sérstöku umhverfi.

Fjöl módur – fróðskaparfélag á Ströndum fékk styrk að upphæð 350 þúsund í verkefnið Ráðstefnustaðurinn Strandir úr frumkvæðissjóði byggðaðróunarverkefnisins Sterkar Strandir. Einnig fékkst styrkur úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða að upphæð 850 þús. til Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum í sama verkefni.

Í verkefninu felst þessi skýrslugerð og tvær ráðstefnur á árinu sem notaðar voru sem tilraunaverkefni: Húmorþing og alþjóðleg ráðstefna á Hólmavík. Þessir tveir styrkir gerðu verkefnið mögulegt og fá styrktaraðilar kærar þakkir fyrir þá. Ákveðið var að Hólmavík yrði í brennidepli í skýrslunni sem stærsti þjónustukjarninn á Ströndum. Það hefði ekki komið til framkvæmda án þessa stuðnings.



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

Markmið skýrslunnar er að leggja fram stöðugreiningu, hugmyndavinnu og tillögur um hvort og hvernig hægt væri að byggja Hólmavík upp sem tilvalinn áfangastað fyrir smærri ráðstefnur og málþing. Fullvíst er að slíkt myndi hafa jákvæð margfeldisáhrif fyrir ferðaþjónustu og menningarstarf á staðnum. Skýrslan tekur mið af innviðum, menningu og náttúru svæðisins og lögð er áhersla á sjálfbærni, nýsköpun og samstarf við nærsamfélagið.

1.1. Aðferðafræði

Skýrslan var unnin á árinu 2024 af Jóni Jónssyni og Dagrúnu Ósk Jónsdóttur, þjóðfræðingum og viðburðastjórum á Ströndum, fyrir *Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu og Fjölmóð – Fróðskaparfélag á Ströndum*. Fjölmóður er félag fræðifólks á Ströndum sem var stofnað árið 2017 og er þverfaglegt, fyrir fólk í ólíkum fræðigreinum.

Markmið skýrslunnar er, eins og áður hefur komið fram, að efla Hólmavík og Strandir sem ráðstefnustað. Undirbúningur við vinnu skýrslunnar fólst meðal annars í fundahöldum, þar sem kallaðir voru saman einstaklingar með mikla reynslu af viðburðastjórn og skipulagi. Þar voru kostir, gallar, tækifæri og áskoranir við ráðstefnuhald og viðburði á Ströndum og einkum á Hólmavík og í nágrenni rædd fram og til baka. Fundurinn fór fram í kaffistofunni í Hnyðju í tengslum við Húmorþing á Hólmavík og gekk mjög vel. Sköpuðust mjög líflegar umræður um efnið.

Einnig var send út könnun á samfélagsmiðlum, þar sem fólk var spurt út í reynslu þeirra af ráðstefnum, hvað það væri sem gerði ráðstefnur eftirminnilegar og skemmtilegar. Spurt var hvað hefði verið vel heppnað á þeim ráðstefnum sem fólk hafði sótt víða um heim og hvað hefði verið mislukkað. Um tuttugu svör bárust og ýmsar góðar frásagnir.

1.2. Tilraunir með ráðstefnuhald 2024

Þá voru skipulagðar tvær ráðstefnur á Ströndum árið 2024, sem voru beinlínis hluti af þessu verkefni og hugmyndavinnu. Þar voru gerðar tilraunir með tengda viðburði og setja saman eftirminnilega dagskrá.

Annars vegar er það *Húmorþing á Hólmavík* sem haldið var í samstarfi við námsbraut í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands og fór fram 23. mars 2024. Svo var einnig haldin alþjóðleg ráðstefna um feminískar nálganir í þjóðfræði sem fór fram helgina 23.-25. ágúst 2024. Hún hafði yfirskriftina *Konur á jaðrinum*. Voru þessar ráðstefnur um margt ólíkar, þó þær eigi sameiginlegan snertiflöt í þjóðfræðinni.

2. Samkeppni, kostir & ávinningur

Flestir ráðstefnustaðir á landsbyggðinni, eins og Akureyri og Egilsstaðir njóta þess að þar eru fjölbreyttir innviðir, samgöngur góðar og þar með taldar flugsamgöngur. Eins er fjölbreytt afþreying í boði. Eins er mikið úrval gistingar í öllum gæðaflokkum og margvísleg þjónusta. Sama gildir um marga aðra staði, að frátöldu fluginu, eins og til dæmis Stykkishólm sem hefur gengið vel að fá til sín allskonar samkomur og ráðstefnur.

Eins eru ýmis hótél í grennd við Reykjavík sem bjóða upp á ráðstefnuþjónustu, fundarsali og auglýsa sig sem athvarf úti í náttúrunni og í einstöku umhverfi þar sem boðið er upp á ró og næði fyrir vinnustofur og fundi. Þau eru oft miklu mun nær Reykjavíkursvæðinu en Strandir, en ferðalagið til Hólmavíkur útheimtir að minnsta kosti 3 klukkustunda akstur.

Samkeppnisstaða Hólmavíkur gagnvart slíkum stöðum er kannski ekki mjög sterk. Þó eru möguleikar á að nýta sérstöðu svæðisins og kosti og setja stefnuna á fámennari hópa og minni viðburði, en til þess þarf ákvörðun, gæðaðróun og eftirfylgni.



2.1. Kostir Hólmavíkur

Hér er metið hvað gerir Hólmavík og Strandir að sérstökum stað og hvaða þætti er hægt að vinna með svo að þorpið geti aðgreint sig frá öðrum svæðum.

- **Mannauður:** Mikill fjöldi af viðburðastjórum á landsmælikvarða og með mikla reynslu og þekkingu á ráðstefnuhaldi býr í samfélaginu.
- **Einstakt umhverfi:** Náttúrufegurð, nálægð við bæði fjall og fjöru og auðvelt að komast út fyrir manngert umhverfi.
- **Saga og menning:** Hólmavík er heimkynni Þjóðfræðistofunnar, Galdra-sýningar á Ströndum og Sauðfjársetrið er í grenndinni og hefur svæðið sterkar rætur í íslensku þjóðtrú og sögu. Ímynd þess er samofin þjóðfræði, sögu og menningu. Víðar annars staðar á Ströndum er unnið með sögunum og nægir að nefna Kotbýlið í Bjarnarfirði, Baskasetrið í Djúpavík, Minjasafnið Kört.
- **Fámennt samfélag:** Veitir þátttakendum ró og næði sem skapar gott andrúmsloft fyrir hugmyndavinnu og sköpun.
- **Sérhæfð nálgun:** Með áherslu á sértæka hópa, eins og þá sem starfa í fræðasamfélagi, skapandi greinum eða umhverfismálum, væri hægt að þróa sterk sérkenni fyrir ráðstefnur, fundahald og vinnustofur á Ströndum.
- **Ímynd svæðisins:** Ímynd svæðisins er bæði sterk og jákvæð, álit utanaðkomandi er oft að Strandafólk sé bæði sniðugt og uppátækjasamt. Einnig er náttúran sterkur þáttur í ímyndinni og að íbúar séu náttúrubörn.

2.3. Veikleikar og áskoranir

Eins eru nokkrir þættir sem þarf að skoða sem veikleika á svæðinu og reyna að bregðast við.

- **Skortur á innviðum:** Takmörkuð gisting og aðstaða fyrir stærri hópa. Skortur á upplýsingamiðlun og upplýsingaþjónustu, skortur á ferðaskrifstofu og starfsmanni sem getur orðið tengiliður verkefnis. Allt þetta gerir áhersluna á smærri hópa sem tengjast starfsemi í heimabyggðinni ennþá mikilvægari og um leið viðráðanlega fyrir þjónustuaðila á svæðinu.
- **Samgöngur:** Annars vegar er hér um að ræða fjarlægðina frá höfuðborgarsvæðinu, en einnig er sérstaklega erfitt að eiga við öryggi vegapjónustu utan sumarvertíðar og þjónustutíma á þjóðvegum.
- **Stemning:** Til að ná árangri er nauðsynlegt að góð stemmning sé á svæðinu og fólk sé samstíga um að ná árangri. Þetta á t.d. við um sveitarfélagið og menningarstofnanir.

2.4. Tækifæri

Þau tækifæri til nýsköpunar sem hægt væri að vinna sérstaklega með á Ströndum eru til dæmis:

- Nýsköpun í blönduðum ráðstefnum (sem fara fram bæði í raunheimum og stafrænt eða á fjarfundum).
- Byggja upp þjónustu út frá hugmyndafræði um sjálfbærni og umhverfisvæna ferðamáta og fundahald. Kolefnisjöfnun og flokkun. Að styðjast sem mest við staðbundin hráefni og sjálfbæra matvælaframleiðslu. Bjóða upp á rafbíla og vistvænar samgöngur.
- Málþing sem hluti af ferðalögum þar sem ráðstefna og frítími eru samofin og hægt að bæta heimsókn og ferðalagi um svæðið við ráðstefnur. Útbúa uppskriftir að slíkum ferðalögum fyrir gesti, tengd þeim einstakra ráðstefna.
- Málþing sem hluti af ferðalagi og í tengslum við náttúruna, hluti fyrirlestra haldinn utandyra og í útivist. Náttúran sem ráðstefnustaður (með bakkup-plan)
- Samstarf við háskóla og rannsóknarstofnanir, þar sem Hólmavík gæti verið kjörinn staður fyrir sérhæfð fræðileg málþing.

2.5. Ávinningur svæðisins & áhrif á samfélagið

Ef vel tekst til gæti vinna að því að gera Hólmavík og nágrenni að heppilegum ráðstefnustað fyrir smærri fundi, málþing, ráðstefnur og vinnustofur haft mikil jákvæð áhrif á samfélagið. Það á jafnt við um ferðaþjónustu, menningu og mannlíf. Ávinningur svæðisins er þannig ótvíræður og best ef Hólmavík gæti orðið fyrirmyndarsvæði í sjálfbæru ráðstefnuhaldi.

Jákvæðu áhrifin geta til dæmis falist í eftirfarandi þáttum:

- **Ný störf:** Ráðstefnuhald getur skapað ný störf á sviðum þjónustu, ferðaþjónustu og viðburðastjórnunar.
- **Styrkir ferðaþjónustuna:** Enn sem komið eru fjölmörg tækifæri til að efla ferðaþjónustu á Ströndum utan háannar.
- **Menning og mannlíf:** Viðburðahald myndi hafa áhrif á kosti heimafólks til að taka þátt í öflugum mannlífi og menningu.
- **Menningartengsl:** Með þátttöku í alþjóðlegum viðburðum getur samfélagið styrkst með auknum tengslum við aðra menningarhópa.
- **Ungmenni og nýsköpun:** Hægt væri að horfa sérstaklega til þátttöku ungs fólks í viðburðastjórnun og nýsköpunarverkefnum á svæðinu.

3. Stöðugreining: Viðburðir og málþing

3.1. Ráðstefnur og málþing á Hólmavík árið 2024

Hér er gefið yfirlit um þær ráðstefnur og málþing sem haldin hafa verið á Hólmavík á árinu 2024, sem hafa kallað á að gestir fengju gistingu á staðnum. Sumir af þessum viðburðum hafa verið haldnir oft áður, en aðrir eru ein-skiptis atburðir. Þessu til viðbótar eru margir viðburðir og jafnvel hátíðir, stórir og smáir fundir og margar minni samkomur. Íþróttamót og námskeið í tengslum við skíðaíþróttina hafa einnig talsvert aðráttarafl yfir vetrartímann og framundan er átak hjá Skíðafélagi Strandamanna til að draga að fleiri gesti og auka framboð á afþreyingu yfir vetrartímann.

Margvísleg önnur hátíðahöld á Ströndum eru mjög í anda þeirra hugmyndavinnu sem hér er unnin, t.d. Galdrafárið sem Arnkatla og Galdrasýningin standa á bak við og Náttúrubarnahátíðin sem haldin hefur verið árlega síðustu ár á Sauðfjársetri á Ströndum. Sama má segja um áherslu á málþing og mannamót í tengslum við uppbyggingu á Baska-setrinu í Djúpavík. Á öllum þessum samkomum er fróðleik og fjöri fléttað saman og miðlað til fólks. Strandafólk er sennilega nokkuð lunkið við þetta því margir upplifa þessa viðburði sem einstaka upplifun og muna vel eftir viðburðum á Ströndum, svo sem Náttúrubarnahátíðum og Galdrastefinu sem haldið var í Bjarnarfirði 2001, svo dæmi sé nefnt.

- **Ráðstefnur og málþing á Hólmavík 2024:**
 - **Húmorþing 2024** – haldið í sjöunda og síðasta sinn á Hólmavík (mars)
 - **Galdrafár á Ströndum – málþing** í Pakkhúsinu á Café Riis (maí)
 - **Rætur framtíðar – for a regenerative future** (júlí)
 - **Konur á jaðrinum – Alþjóðleg ráðstefna** um femínísk viðhorf í þjóðfræði (ágúst)
 - **Þjóðtrúarkvöldvaka** á Sauðfjársetrinu (september, árlega í áratug)
 - **Skrímli – ráðstefna nemenda** í hagnýtri þjóðfræði sem voru í vinnubúðum á Hólmavík í viku (október, fimmti hópurinn)

3.2. Eftirminnilegar ráðstefnur og málþing

Mjög margar af þeim ráðstefnum sem haldnar hafa verið síðustu árin á Ströndum eru tengdar þjóðfræði og sögu með einhverjum hætti og viðburðastjórnir sem staðið hafa á bak við þær oft tengdar, Rannsóknasetri HÍ á Ströndum, gömlu Þjóðfræðistofu Strandagaldurs sem nú er

aflögð, Sauðfjársetrinu eða Galdrasýningunni. Svæðið byggir þannig á töluverðri reynslu og þekkingu hvað þetta varðar og Hólmavík og nágrenni hefur þegar yfir að ráða ákveðnum innviðum sem hægt er að byggja á.



Í svörum við könnuninni okkar á netinu, þegar fólk var beðið að nefna mjög eftirminnilegar ráðstefnur, stóðu tvær slíkar upp úr, sem báðar voru haldnar hér á landi. Annars vegar var það Strandhöggið sem var einmitt ráðstefna á Ströndum, skipulögð af Þjóðfræðistofu Strandagaldurs árið 2009 og var Kristinn Schram aðalskipuleggjandi hennar. Hins vegar var það afar stór og viðamikil norræn þjóðfræðiráðstefna í Reykjavík árið 2022, sem var oftast nefnd til sögunnar sem vel heppnuð ráðstefna, en annar aðalskipuleggjandi þeirrar ráðstefnu var Dagrún Ósk Jónsdóttir á Kirkjubóli.



- **Eftirminnileg málþing og ráðstefnur:**
 - **Strandhögg 2009 - landsbyggðarráðstefna Félags þjóðfræðinga og Sagnfræðingafélagsins** sem var haldin í einstakri veðurbliðu á Ströndum. Það var heppilegt því ráðstefnan hafði að miklu leyti verið skipulögð utandyra og fyrirlestrar fluttir um víðan völl og á ferðalagi um Strandir, en að hluta voru málstofur í Bragganum á Hólmavík. Það

er auðvitað góða veðrið sem er eftirminnilegt, en einnig hvernig náttúruskoðun, ferðalagi og fyrirlestrar voru fléttaðir saman og fluttir, niðri í fjöru, yfir máltíðum eða jafnvel í sundferð.

- **Norræna þjóðfræðipingið í Reykjavík 2022.** Fjölmargir gestir komu á ráðstefnuna, alls voru þátttakendur 450. Mikil áhersla var lögð á samverustundir og að hrista hópinn saman, farið í heimsókn að Bessastöðum og hópurnir fóru saman í sund, einnig að gróðursetja tré til að kolefnisjafna ráðstefnuna. Lögð var áhersla á að flétta saman fróðleik og skemmtun og margt tókst afbragðs vel, eins og karíoke keppni í matsalnum og fleiri uppákomur. Þetta kallaði á gríðarlegan undirbúning og skipulag og tókst afbragðsvel til.



4. Innviðir og aðstaða

4.1. Núverandi aðstaða á Hólmavík og nágrenni


Hólmavík hefur þegar yfir að ráða ákveðnum innviðum sem hægt er að byggja á. Rafhleðslustöðvar eru til staðar við Galdrasýninguna og Krambúðina, tvær bensínstöðvar, fjöldi gististaða, verslun og veitingar, mögnuð söfn og sýningar og merktar gönguleiðir fyrir útivistina. Heilsugæslustöð og apótek eru á staðnum og Sparisjóður Strandamanna er opinn virka daga. Áhugavert verður að fylgjast með hvað kemur út úr vinnu með gamla Sláturhúsið, hvort það verður einhvers konar menningarmiðstöð og kannski verður þar boðið upp á aðstöðu fyrir listsköpun og fræðifólk.



Á Hólmavík eru allmargir fundarsalir sem hægt er að nota:

- **Ráðstefnu- og fundarrými:**
 - Félagsheimilið á Hólmavík (Strandabyggð). Húsnæði eins og félagsheimilið á Hólmavík hentar vel fyrir stærri viðburði, allt að 100 manna, þó það þurfi mögulega uppfærslu í tæknimál

- Flugstöðin (Strandabyggð). Hentar fyrir minni fundi og vinnustofur.
 - Hnyðja (Strandabyggð). Hentar vel fyrir 20 manna fundi og málþing fyrir allt að 50 manns.
 - Pakkhúsið (Café Riis). Hentar vel fyrir 20 manna fundi og málþing fyrir allt að 50 manns.
 - Bragginn (Café Riis). Hentar fyrir málþing og ráðstefnur fyrir allt að 80 gesti.
 - Kvenfélagshúsið (Kvenfélagið Glæður). Minni fundir, 15 manns.
 - Kaffi Galdur (Galdrasýningin). Hentar vel fyrir málþing allt að 30 gestum (utan opnunartíma).
 - Kaffi Kind (Sauðfjársetrið). Hentar fyrir fundi og vinnustofur og málþing fyrir allt að 40 gestum.
- **Gisting:** Í þorpinu á Hólmavík er boðið upp á gistimöguleika eins og gistiheimili og heimagistingu, herbergi og íbúðir, en fjöldinn er takmarkaður og allir gististaðirnir eru frekar litlir. Fyrir stærri viðburði þarf að kanna viðbótargistingu, t.d. með samstarfi við nærliggjandi byggðir, stærri gististaðir eru á Drangsnesi og Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði. Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur ítrekað kynnt síðustu misserin að bygging á 70 herbergja hóteli sé að hefjast á Hólmavík, en það hefur eitthvað dregist að framkvæmdir hefjist.
 - Gistiheimili Hólmavíkur við Hafnarbraut
 - Finna-Hótel við Borgabraut
 - Steinhúsið við Höfðagötu
 - Krúkot við Hafnarbraut
 - Fjöldi af AirBnb gistingum
 - Víðidalsá (4 km)
 - Ferðaþjónustan Kirkjuból (12 km)
 - **Veitingaþjónusta:** Veitingastaðir á svæðinu geta framreitt margvíslegar máltíðir fyrir ráðstefnugesti, þar á meðal heilsusamlegan og staðbundinn mat. Verslun er á Hólmavík, Krambúðin.
 - Café Riis
 - Kaffi Galdur (Galdrasýningin)
 - Kaffi Kind (Sauðfjársetrið) (12 km)
 - **Söfn og sýningar:**
 - Galdrasýning á Ströndum
 - Sauðfjársetur á Ströndum (12 km)



- **Önnur afþreying og staðir til að heimsækja eða skoða:**
 - Galdur brugghús
 - Handverksmarkaður Strandakúnnar
 - Sundlaugin á Hólmavík
 - Láki hvalaskoðun, daglegar ferðir yfir sumartímann
 - Strandahestar, ferðir fyrir minni hópa
 - Merktar gönguleiðir, m.a. stígur um Kálfanesborgir

- **Áhugaverðir staðir í grenndinni til að heimsækja sem bjóða upp á veitingar eða aðra þjónustu:**
 - Hótel Laugarhóll í Bjarnarfirði
 - Gvendarlaug hins góða, sundlaug í Bjarnarfirði
 - Kotbýli kuklarans á Klúku (við sundlaugina)
 - Söngsteinn í Hveravík
 - Heitu pottarnir á Drangnesi
 - Malarkaffi

- **Fjarskipti:** Nettenging er almennt sæmileg, en tryggja þarf sérstaklega gott samband fyrir ráðstefnur sem krefjast stöðugra nets. Þetta stendur til bóta með ljósleiðaravæðingu þorpsins sem stendur til að ljúka 2026.



4.2. Nauðsynlegar úrbætur

Til að auka aðdráttarafli Hólmavíkur sem ráðstefnustaðar, þarf fyrst og fremst markaðssetningu og kynningu. Einnig þarf að huga að eftirfarandi:

- Ákveðna endurnýjun í fundarsölum með áherslu á tæknibúnað og þægindi.
- Uppbygging á gæðahótel.
- Tengiliður til að hafa samband við, hvað sem kemur upp á.
- Ekkert bílaverkstæði er starfandi á Hólmavík eins og er, sem getur verið mjög bagalegt, bæði fyrir íbúa og gesti.

4.3. Samstarf við fyrirtæki, félög og stofnanir á svæðinu

Sérstaklega mikilvægt er að skapa samstöðu og stemmningu á svæðinu til að sinna þessu verkefni af alúð og natni og taka vel á móti þeim gestum sem koma á svæðið. Þar skiptir jafn miklu máli að fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir taki þátt í móttöku gesta með bros á vör og að sveitarfélagið sjálft taki þátt og sýni jákvæðni og stuðning. Jafnvel þarf það að taka að sér samhæfingu aðgerða, markaðssetninguna og tryggja að hægt verði að hafa samband við ákveðinn tengilið sem kann til verka.

Þau þjónustufyrirtæki sem hafa ávinning af munu sjálfsagt verða mjög jákvæð gagnvart verkefni eins og þessu, gisti- og veitingastaðir til dæmis. Sama gildir um menningarstofnanir eins og Galdrasýninguna og Sauðfjársetrið og framleiðsluaðila sem sjá tækifæri í að kynna og selja sína framleiðslu í tengslum við ráðstefnur, eins og t.d. Galdur Brugghús og aðrir matarframleiðendur.

- Veita fyrirtækjum á svæðinu tækifæri til að taka þátt, t.d. með matvælaframboði, dagskrárliðum eða ferðatengdri þjónustu.
- Líklegast er, enn sem komið er, að ráðstefnuhald spretti upp úr fræðistörfum Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum, Galdrasýningarinnar og Sauðfjárseturs á Ströndum og að ráðstefnuhald tengist menningararfi svæðisins.
- Rannsóknasetrið tekur einnig á móti nemendahópum og býður upp á vinnubúðir fyrir þá, einnig aðstöðu fyrir nemendur í þjóðfræði sem vilja koma í einskona skrifbúðir og fá næði til að vinna að ritgerðum eða ritstörfum
- Einnig er möguleiki á ráðstefnuhaldi á vegum þeirra framleiðenda matvæla sem eru að þetta raðirnar í aðstöðunni í Kuklinu (Gamla Hlein) og sama gildir um Galdur Brugghús.
- Mikilvægt væri að kynna Hólmavík einnig sem valkost fyrir aðra hópa sem skilgreindir eru í næsta kafla um hentuga markhópa, auk annara sem áhuga hafa á að koma og dvelja á svæðinu við fundahöld eða setja upp vinnustofu til skamms tíma.

5. Markhópagreining

Það eru ótal ólíkir markhópar sem gætu haft áhuga á að halda ráðstefnur, fundi eða vinnustofur á Ströndum. Hér er sérstaklega gerð grein fyrir þeim hópum sem vinnufundur viðburðastjóra sem haldinn var í tengslum við verkefnið var sammála um að gott væri að leggja sérstaka áherslu á í markaðssetningu. Það er gott að byrja á hópum sem tengjast ímynd Stranda og það er auðveldara að ná þar árangri til að byggja Hólmavík upp sem ráðstefnustað.

5.1. Fræðasamfélagið

Hólmavík hefur sérstakt aðdráttarafl fyrir háskólasamfélagið og rannsóknarstofnanir, tengingin við Rannsóknasetur Háskóla Íslands - Þjóðfræðistofu er sérstaklega mikilvæg í þessu samhengi. Þó nokkur reynsla er fyrir hendi innan þeirrar stofnunnar um ráðstefnuhald og vinnufundi fyrir hópa úr fræðasamfélaginu.

Einnig er mjög auðvelt að hugsa sér ráðstefnur, fundi og málþing sem tengjast náttúruvísindum, sjálfbærni og umhverfismálum. Það væri mjög í takt við staðarandann á Ströndum.

- Hentar vel fyrir sérhæfð málþing og viðburði, t.d. á sviði þjóðfræða, sjálfbærni eða náttúruvísinda.
- Staðsetningin, með rólegu umhverfi, möguleikum á útivist og nálægð við náttúruna, skapar kjöraðstæður fyrir dýpri umræðu og tengslamyndun.



5.2. Fyrirtæki og stofnanir

Það eru einnig klárlega tækifæri í því að markaðssetja Strandir sem stað fyrir vinnufundi sem fyrirtæki og stofnanir halda, fjarri amstri hversdagsins og truflunum þar sem áreitið er meira. Oft eru fyrirtæki að leita eftir stað til að halda vinnufundi, þar sem starfsmenn geta einbeitt sér að þeirri vinnu sem er á dagskrá, stefnumótun og hugmyndavinnu, svo dæmi séu tekin.

- Fyrirtæki sem vilja bjóða starfsfólki upp á starfsþjálfun eða hugmyndavinnu í afslöppuðu umhverfi gætu haft mikinn áhuga á Hólmavík sem vinnustað.
- Opinberar stofnanir gætu nýtt sér staðinn fyrir fundi og vinnusmiðjur, þar sem hægt er að flétta ýmis konar afþreyingu, skoðunarferðum og upplifun inn í dagskrána.

5.3. Skapandi greinar

Hólmavík gæti auðveldlega laðað að listamenn, rithöfunda og kvikmynda-gerðarfólk, með ýmiskonar ráðstefnum, viðburðum og vinnustofum sem sameina skapandi ferli, náttúruskoðun, uppákomur og náttúruskoðun og upplifun. Margir í þessum hópi hafa þegar áhuga á svæðinu vegna Galdra-sýningarinnar og þeirrar ímyndar sem er ein af auðlindum svæðisins, áhugi fólks á þjóðtrú, sögnum og sögum. Hugsanlega mætti koma upp einhvers konar sagnamannahópi sem héldi námskeið og viðburði á svæðinu eða hitti aðra slíka reglulega á samkomum.

5.4. Alþjóðlegir hópar

Alþjóðlegir áhugahópar eins og þeir sem starfa á sviði umhverfisverndar, menningararfs eða þjóðfræði, gætu séð í þorpinu Hólmavík einstakt tækifæri til að halda sértæka og eftirminnilega viðburði. Það er fljótt að spyrjast út þegar vel tekst til og vel heppnaðir viðburðir eru besta auglýsingin.



6. Markaðssetning og ásýnd

Það eru ýmis tækifæri til að markaðssetja Strandir og Hólmavík sérstaklega sem heppilegan ráðstefnustað fyrir minni hópa, eins og bent hefur verið á. En ef að utanaðkomandi aðilum á að detta í hug að halda ráðstefnur eða vinnufundi á svæðinu er kynningin alveg bráðnauðsynleg, algjört lykilatriði.

Þetta er hægt að gera á margvíslegan hátt, en mikilvægt er að upplýsingar um innviði, aðstöðu, möguleika og tækifæri séu aðgengilegar á einum stað. Þá þyrfti nauðsynlega að vera hægt að finna upplýsingar um þetta allt saman á miðlægrri vefsíðu fyrir ráðstefnuhald á svæðinu.

Auk þess þyrfti nauðsynlega að vera tengiliður á svæðinu sem þau sem áhuga hafa á viðburðahaldi á staðnum, getur haft samband við til að fá frekari upplýsingar og aðstoð við skipulagninguna. Þetta er að vissu leyti fyrir hendi hjá menningarstofnunum og Rannsóknasetri HÍ á Ströndum, en þá einungis á því sviði sem tengist þeirra starfsemi. Flestar ráðstefnur á Hólmavík síðustu árin hafa orðið að veruleika með þessum hætti eða að frumkvæði þessara aðila.

Hér er lagt til að galdrapemað verði ríkjandi á markaðs- og kynningarefni, í takt við sérstöðu svæðisins og það aðdráttarafl sem Galdrasýningin hefur skapað þann aldarfjórðung sem hún hefur starfað. Sýningin er tvímælaust öflugasti segullinn á svæðinu fyrir ferðafólk og gott að nýta það í verkefninu.



6.1. Aðgreining og ímynd

Nauðsynlegt er að leggja nokkra vinnu í að finna slagorð og lýsingu á markhópum sem fellur í kramið. Hér er ekki kafað djúpt í þessi fræði, en minnt á að í skýrslunni Ferðapjónustu og Þjóðmenning eftir Jón Jónsson sem kom út 1995 var markhópurinn meðal ferðafólks sem talin var ástæða til að höfða sérstaklega til skilgreindur þannig: *Rólyndir unnendur náttúru og sögu*. Þetta á að mörgu leyti vel við ennþá, þetta er markhópur sem er eftirsóknarverður, góðir gestir sem segja álit sitt umbúðalaust og hjálpa þannig til við þróunarvinnuna, því þeir setja gagnrýni yfirvegað fram.

- Hólmavík verði markaðssett sem einstakur og rólegur staður, kjörinn fyrir sérhæfða viðburði á sviði menningararfs, skapandi greina, umhverfismála og náttúruvísinda. Náttúra, saga og sérstaða verði lykilatriði í markaðssetningu. Staðsetningin sé afbrigð fyrir sköpun og hugmyndavinnu.
- Skapa þarf sterk slagorð eins og til dæmis: „Fundarstaður friðar og nýsköpunar“ eða „Náttúran sem fundarherbergi“.



6.2. Markaðsrásir

Mikilvægt er að hugað sé markvisst að markaðssetningu, myndefni og frásögnum gesta sé safnað og þeim miðlað, því persónulegt sjónarhorn og sögur eru allra besta markaðsefnið. Sögur frá fólkinu sem er ánægt með heimsóknina og fellur fyrir staðnum. Fjöldmörg slík sambönd hafa sprottið upp úr starfsemi Galdrasýningarinnar og Sauðfjársetursins.

Orðsporið skiptir svo auðvitað öllu máli í þessu samhengi. Ánægðir ráðstefnugestir eru í rauninni alltaf besta auglýsingin, svo hvert málþing eða ráðstefna sem haldin er og lukkast vel er liður í kynningunni.

- **Samfélagsmiðlar:** Skapa efni sem sýnir fram á jákvæða eiginleika Hólmavíkur sem ráðstefnustaðar, sinna uppfærslum og segja sögur af öllum viðburðum sem tekst að landa á svæðið. Hægt væri að útbúa miðla undir nafninu Ráðstefnustaðurinn Strandir og nýta þá Facebook, Instagram og jafnvel TikTok til að miðla efni. Hægt er að byrja með efni og frásögnum frá þeim viðburðum sem þegar hafa verið haldnir og heyra sögunni til.
- **Áhrifavaldar:** Skapa tengsl við áhrifavalda og fjölmiðla sem geta kynnt staðinn fyrir víðari hópi. Náttúrubarnaskólanum hefur tekist að koma á slíku samstarfi í sambandi við Náttúrubarnahátíðir, svo þetta er alls ekki útilokað. Það þarf bara að finna réttu áhrifavaldana út frá greiningunni á markhópum.
- **Fræðasamfélagið:** Bein samskipti við háskóla og rannsóknarstofnanir til að kynna staðinn fyrir fræðileg málþing og vinnusmiðjur.
- **Ráðstefnuskrifstofur:** Koma þarf á samstarfi við Markaðsstofu Vestfjarða og Vestfjarðastofu sem geta aðstoðað við að komast í samband við aðila á landsvísu og alþjóðavísu til að auka sýnileika.



7. Hugmyndavinna um sérstöðu

Í hugmyndavinnunni hjá vinnuhópnum sem fundaði um ráðstefnustaðinn Strandir komu fram ýmsar hugmyndir og sumar þeirra dálítið sérstakar og nýstárlegar. Hér á eftir er farið yfir helstu hugmyndir sem komu fram í umræðum og fengu jákvæð viðbrögð hjá hópnum.

Þessi þáttur í umræðunni snéri að því að varpa ljósi á hvernig Hólmavík getur þróað einstaka nálgun á ráðstefnuhald og gestamóttöku sem byggir á og dregur fram sérstöðu svæðisins og helstu styrkleika.

7.1. Náttúran sem ráðstefnusalur

Ýmis tækifæri eru til að nýta náttúruna sem ráðstefnusal. „Ævintýri á gönguferð“ var hugmynd sem sett var fram, sem snéri að því að miðla fróðleik og halda fyrirlestra sem hluta af útivist og nýta umhverfið sem sýnidæmi með margvíslegum hætti.

- Ráðstefnur í óhefðbundnu umhverfi þar sem fléttað er saman við útivist, t.d. í fjörunni, á áningarstöðum í gönguferð eða bílferð, í fjörunni eða fjallgöngu, á útsýnisstöðum eða á ákveðnum sögustöðum sem tengjast með einhverjum hætti því sem rætt er um.
- Tengja einstaka dagskrárliði við náttúruupplifun, svo sem gönguferðir, fuglaskoðun, jurtaskoðun, selaskoðun, hvalaskoðun eða jafnvel stjörnufræði og norðurljós ef þau eru í boði. Gera fólk að rannsakendum, fylla út blað með séðum fuglategundum, finna ákveðin blóm eða tengja við þjóðsagnastaði.

7.2. Þema-viðburðir byggðir á staðbundinni menningu

Nýta ákveðin þema úr staðbundinni menningu og þekkingu og þeim atriðum sem tengjast sérstöðu og kostum svæðisins.

- **Þjóðtrú og galdur:** Sérniðnir viðburðir sem nýta þjóðsögur og fjalla um þjóðtrú og galdra á Ströndum. Fléttað saman við útivist og sagnamennsku.
- **Saga og menning:** Ráðstefnur og málþing með áherslu á íslenskan bókmenntaarf eða þjóðfræðirannsóknir.
- **Sjálfbærni og nýsköpun:** Tengsl milli umhverfisvænna lausna og staðbundinnar nýsköpunar.

7.3. Nýsköpun í viðburðaformi

Eins er hægt að byggja á nýstárlegum uppátækjum í viðburðum, sem gera fólk að meiri þátttakendum í sköpun og því sem gengur á. Einnig má hugsa sér að gera tilraunir með viðburði og málþing þar sem nálgun er þverfagleg.

- **Hópvinustofur:** Vinnusmiðjur sem sameina þátttakendur frá mismunandi fræðigreinum eða úr ólíkum áttum til að vinna saman hugmyndavinnu og nálgast það efni sem er til umfjöllunar á nýstárlegan og þverfaglegan hátt.
- **Blandað ráðstefnuform:** Fjarfundir sameinaðir staðbundinni þátttöku til að ná til alþjóðlegra gesta.
- **Listsköpun sem hluti af dagskrá:** Þátttakendur skapa myndlist, tónlist eða texta sem tengist ráðstefnuþemanu hverju sinni.

7.4. Samfélagsleg tenging

Mikilvægt er að heimafólk geti tengst ráðstefnugestum með einhverjum hætti, tekið þátt í afmörkuðum hlutum á ráðstefnum og vinnustofum. Það er einnig ávinningur gestanna að kynnast heimafólki, spjalla við það og kynnast skoðunum þess. Strandamönnum er yfirleitt treystandi til að standa sig vel og koma vel fram við gestina.

- Viðburðir séu opnir heimafólki sem geta tekið þátt með einhverjum hætti.
- Ráðstefnugestir taka með einhverjum hætti þátt í staðbundnum viðburðum og verkefnum, t.d. smalamennsku, margvíslegri kortlagningu, ljósmyndaverkefnum, handverki eða bændamarkaði, svo dæmi séu tekin.
- Verkefni þar sem gestir gefa samfélaginu til baka, t.d. með gróðursetningu eða skógrækt.

7.5. Staðbundnar áherslur í ferðaþjónustu

- Sérniðnar dagskrár séu í boði fyrir fylgifiska ráðstefnugesta, t.d. fjölskyldur eða samstarfsfólk sem vilja kanna svæðið og nýta sér þjónustu og afþreyingu sem er í boði í staðinn fyrir að sitja fundi og vinnustofur með þeim sem eiga erindi þangað.
- Leggja áherslu á ábendingar um lengri dvöl með áherslu á blöndu fræðslu og afþreyingar, t.d. námskeið eða gönguferðir á Ströndum.

8. Tvær tilraunaráðstefnur 2024

Síðastliðið sumar voru gerðar tilraunir með tvær ólíkar ráðstefnur á Hólmavík og nágrenni, sem voru hluti af þessu verkefni. Annars vegar var þar um að ræða fræðilega eins dags ráðstefnu um húnor og þjóðfræði. Sú ráðstefna var skipulögð í samstarfi Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu, Fjöl móðs og námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Háskóla Íslands. Hins vegar var haldin lítil alþjóðleg ráðstefna og vinnustofa um femínískar nálganir á þjóðfræðiefni í samstarfi sömu aðila við þjóðfræði samtökin SIEF (International Society of Folklore and Ethnology). Hér verður nánar sagt frá framkvæmd þessara ráðstefna, dagskrá og uppbrotum.

8.1. Húmorþing á Hólmavík

Húmorþing hafa verið haldin öðru hverju á Hólmavík frá 2009. Fyrst var það Þjóðfræðistofa Strandagaldurs sem stóð á bak við þau, en síðar Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa. Þetta var sjöunda Húmorþingið og var haldið laugardaginn 23. mars á Hólmavík í Pakkhúsinu á Café Riis. Á dagskránni voru tvær málstofur með fræðilegum fyrirlestrum sem tengjast húnor, fjórir fyrirlestrar á hvorum.

Á málþinginu verður fjallað með fræðilegum hætti um húnor. Þar mun fræðifólk stíga á stökk og varpa ljósi á nýjustu rannsóknir og miðlun á húnor. Rætt verður um hin ýmsu form húmors, svo sem brandara, uppistand, satíru og íróniú ásamt margvíslegri iðkun þeirra í daglegu lífi, fyrr og nú. Fjallað verður um húnor sem valdataeki í baráttu þjóðfélagshópa og ýmsar birtingarmyndir húmors í fjölmiðlum.

Undirbúningshóp skipuðu: Kristinn Schram og Dagrún Ósk Jónsdóttir fyrir hönd námsbrautar í þjóðfræði við Háskóla Íslands og Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson fyrir Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofu.

Uppbrot á dagskránni voru þessi helst: gönguferð um gamla bæinn, heimsókn á Galdrasýninguna með leiðsögn, heimsókn á Galdur Brugghús með bjórsmakki, kvöldskemmtun í pakkhúsinu, þar á meðal pubqvis, uppistand og skemmtun. Allir þessir viðburðir voru opnir öllum og enginn aðgangseyrir, heimafólki og þátttakendum. Það var fullt hús á hvoru tveggja málþinginu og skemmtuninni og fjöldi fólks kom lengra að, þrátt fyrir að veður væri ekki hið besta dagana áður og t.d. ófært úr Bjarnarfirði á

Ströndum og vestan af fjörðum sem stoppaði suma af sem höfðu ætlað að mæta.

Viðburðurinn heppnaðist að öðru leyti mjög vel, það var mikið glens og grín og gleði við völd. Áætlað er að um það bil 30 gestir hafi komið að, ýmist sem þátttakendur eða gestir. Fólk gisti á ýmsum gistihúsum, en valkostir í þeim efnum höfðu verið kynntir með ráðstefnunni sjálfri.



Dagskrá Húmorspingsins 23. mars 2024:

13:00 Ævintýri í gönguför: Húmorspingið sett á rölti um Hólmavík með leiðsögn Jóns Jónssonar, haldið af stað frá Café Riis!

13:30 - 15:00 Málstofa I:

- # Úr fylgsnum fyrri alda: Krassandi íslenskar kímnisögur – Jón Jónsson
- # „... og það stimplaði mig inn sem einhvers konar grínmann“ : Uppistand á Íslandi – Agnes Jónsdóttir
- # „Hafið þið heyrt um heyrnarlausu manninn?“ Fötlun og húmor í íslenskum samtíma – Margrét Hanna Birgisdóttir
- # Þjóðlegt grín og tungumálið – Ingi Hans Jónsson

15:00-15:20 Gáskafull og grínaktug leiðsögn um Galdrasýninguna – með Önnu Björg Þórarinsdóttir framkvæmdastýru

15:20-15:40 Pása

15:40-17:10 Málstofa II:

- # Að stríða feðraveldinu: Notkun húmors í jafnréttisumræðu – Anna Margrét Hrólfsdóttir
- # „Varúð – börn, dýr og tengdamamma!“: Grín til höfuðs tengdamæðrum – Eiríkur Valdimarsson
- # Dýroniur: Húmor í samskiptum fólks og dýra – Kristinn Schram
- # Meme eða mím: Húmor á alnetinu – Gunnella Þorgeirsdóttir

17:10-18:00 Móttaka á Galdur Brugghús fyrir Húmorspingsgesti!

20:00 Kvöldskemmtun á Café Riis: Ragnheiður Maísól var veislustjóri kvöldsins, Vandræðaskáldin troða upp, open mic brandarakeppni og þjóðlegt uppistand með sagnamanninum Inga Hans, Dagrún Ósk sá um skemmtikviss og fleira fjör!



8.2. Alþjóðleg ráðstefna um femínískar nálganir í þjóðfræði

Nýlega stofnaður vinnuhópur SIEF (Evrópusamtök þjóðfræðinga) um femínískar nálganir í þjóðfræði hélt sína fyrstu ráðstefnu 23.–25. ágúst 2024 á Hólmavík. Þema vinnustofunnar var „Konan’ á jaðrinum“. Alls tóku 16 fræðikonur þátt, frá átta löndum (í Evrópu og Bandaríkjunum). Flestar þeirra fluttu erindi á ráðstefnunni, en aðrir komu einungis til að taka þátt í umræðum og tengjast öðrum sem sinna rannsóknum á sama sviði og þær sjálfar.

Í aðdraganda ráðstefnunnar voru undirbúnir upplýsingapakkar sem ráðstefnugestir fengu senda um ferðaskipulag og aðstöðuna á svæðinu (s.s. aðstöðu í ráðstefnusalnum, þær máltíðir sem boðið var upp á, aðgengi að matvöruverslun o.s.frv.). Var það mikilvægt til að minnka óöryggi ráðstefnugesta sem margir voru að koma til Íslands í fyrsta skipti og allir í fyrsta skipti til Hólmavíkur. Gestir sáu sjálfir um að bóka og greiða flug til landsins og gistingu í Reykjavík, ef þeir framlengdu ferðina. Félag Þjóðfræðinga á Íslandi bauð gestum á bar í Reykjavík 22. ágúst, daginn fyrir ferðina til Hólmavíkur og hitti ráðstefnuskipuleggjandi, Dagrún, gestina þar.

Mikið var lagt upp úr því að finna sem hagsýnastan máta til að koma gestum frá Reykjavík til Hólmavíkur og var að endingu ákveðið að leigja bílaleigubíla. Auk þess fóru íslenskir gestir á eigin bílum og gátu tekið erlenda gesti með sér. Þetta var mögulegt vegna smæðar ráðstefnunnar en hefði eflaust verið flóknara hefðu þátttakendur verið mikið fleiri.

Þar sem ráðstefnan var einungis þrjú daga með ferðadögnum, var mikilvægt að hefjast strax handa þegar komið var til Hólmavíkur. Ráðstefnan sjálf fór fram í sal sveitarfélagsins í Hnyðju, í Þróunarsetrinu á Hólmavík, sem var leigður fyrir viðburðinn. Þar er ágætur fundarsalur, gott aðgengi að interneti, sjónvarp þar sem hægt er að varpa upp kynningum og hæfilegt pláss fyrir hóp af þessari stærð. Á síðasta degi ráðstefnunnar var svo aðalfundur hópsins haldinn, en hann fór bæði fram á staðnum og í gegnum fjarfundarbúnað. Sá fundur fór fram á Sauðfjársetri á Ströndum, um morguninn, áður en safnið opnaði fyrir almennum gestum og tókst sérlega vel. Safnið er sérlega vel búið fyrir slíka fundi.

Dagskrá ráðstefnunnar má finna hér að neðan, en mikið var lagt upp úr því að þátttakendur fengju að kynnst svæðinu, því öflugra menningar- og þjóðfræðistarfi sem fer fram á Hólmavík og nágrenni. Það var lögð sérstök áhersla á að brjóta upp vinnuna á ráðstefnunni með viðburðum, uppákomum og skemmtun, enda meðal annars markmiðið að efla tengslanet þátttakenda. Auk þess sem þótti okkur einnig mikilvægt að reyna að skipta við sem flesta ferðapjónustuaðila á svæðinu.

Þátttakendur gistu meðal annars hjá Ferðapjónustunni Kirkjubóli, Finna hóteli og Gistihúsi Hólmavíkur. Keyptar voru veitingar fyrir gesti af Sauðfjársetrinu á Ströndum, Kaffi Galdri, Café Riis og í Söngsteini í Hveravík. Menningarstofnanirnar Galdrasýningin og Sauðfjársetur á Ströndum voru heimsóttar og gáfu þær aðgangseyri fyrir hópinn. Þá var einnig haldnar móttökur fyrir gesti á Rannsóknarsetri Háskóla Íslands – Þjóðfræðistofu og Galdri Brugghúsi.

Auk þessa fóru gestir í sundferð á Laugarhól (en það passaði vel að fara með erlenda ráðstefnu gesti í sund og kynna þau þannig fyrir sundmenningunni sem um þessar mundir er verið að vinna að því að skrá á heimsminjaskrá UNESCO), skoðuðu Kotbýli kuklarans og steinrunnin tröll í Kollafirði, sem var sérsniðið að áhuga hópsins á þjóðsögum.

Ráðstefnan tókst sérlega vel. Þátttakendur voru ánægðir og höfðu sérstakt orð á því að vel hefði verið staðið að skipulaginu, mikil ánægja var með uppbrotið og hlýjar móttökur heimafólks sem þau hittu á meðan á henni stóð. Þá var líka rætt um kosti þess að halda ráðstefnur sem þessar í minni sveitarfélögum, þar sem hópurinn er saman allan tímann, það er auðveldara að halda einbeitingunni og böndin verða sterkari.

Auk stuðnings Sterkra Stranda við þetta verkefni hlaut ráðstefnan og ráðstefnugestir stuðning frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða, The Dutch Center for Intangible Heritage og SIEF samtökunum. Það var mikilvægt fyrir okkur að reyna að halda kostnaði við þátttöku í lágmarki, enda vitum við að það getur verið dýrt að ferðast til Íslands. Þar sem samtökin eru alþjóðleg var nauðsynlegt að það væri raunhæfur möguleiki fyrir fólk alls staðar að úr heiminum að taka þátt, auk þess sem við vildum að ráðstefnan væri aðgengileg bæði nemendum og eldra fræðifólki. Þetta tókst vel en stuðningurinn var nauðsynleg forsenda þess að þetta markmið mætti nást.



Dagskrá ráðstefnunnar er hér að neðan (á ensku):

August 23rd

8:45 Participants gather at the parking lot at the University of Iceland

9:00 We drive together from Reykjavík in rental cars, with the rental costs covered by the conference

12:15 Arrive in Hólmavík: Lunch in Hnyðja where the workshop will take place, intro and goals

13:00 Concept paper at Hnyðja

Power - Feminism – Embodiment – JoAnn Conrad
14:15 Coffee break and a short guided walk around town
15:00 Working paper at Hnyðja
Recipes on the Border: Culinary Manuscripts as Women's Voice in the Soviet-Zone Edge - Gabriela Fatková
16:00 Break - Check in at the Guesthouse
18:00 Reception at the Research Center in Folklore – and beer tasting at the Local brewery
19:30 Dinner at The Sorcery Museum and a look at the exhibition
20:30 Kay Turner leads a workshop on the Fjallkona figure at the Sorcery Museum

August 24th

9:00 Concept and working papers at Hnyðja
Psychoanalytic Theory: Locating Women – Kimberly Lau
Critical Crossroads: Chicana Feminisms and Folkloristics – Norma Elia Cantú
11:30 Lunch at Café Riis – A local restaurant famous for their pizzas, here we will have a pizza buffet
12:30 Two working papers at Hnyðja
Why Women Grow - Rozemarijn van de Wal
Women at the Helm: Storm Stories and Environmental Sustainability – Amy Skillman
14:30 Coffee break
15:00 Two working papers at Hnyðja
Doubly Marginalized: Women's Non-expert Production of Knowledge about Tradition and Local Community in Participatory Art-based Research – Yuliia Andriichuk
The Feminine Profession of Teaching in Czechia – Zuzana Terry
17:00 Break
18:30 Drive to Hveravík, a beautiful place located on the other side of Steingrímsfjörður fjord
19:00 Dinner in Hveravík, hosted by local folklorist Kristín Einarsdóttir (tomato soup + local fish)
20:45 Relax in the pool and natural hot tub by Hótel Laugarhóll or visit the Sorcerers cottage and the Hótel
22:00 Head back to Hólmavík

August 25th

8:30 Breakfast at the Sheep farming museum
9:00 Interim meeting of the working group at the Sheep farming museum
- Also be accessible through Zoom

- 10:00 Leave to visit the skessa (female troll) in Kollafjörður, Dagrún will give a short talk about Icelandic folk legends and the skessur by the stone-turned trolls
- 11:00 A visit to the Sheep farming museum to see an exhibition on wool work
- 12:00 Lunch at the Sheep farming museum
- 13:00 Closing remarks, at the Sheep farming museum
- 13:45 Drive back to Reykjavík
- 15:00 Ice cream stop in Erpsstaðir
- 16:00 Stop at a small exhibition on housework in Borgarnes (made by local folklorist Þórunn Kjartansdóttir) and coffee
- 18:00 Arrive in Reykjavík



Tröllaskoðunarferð á sunnudeginum, áður en hópurinn hélt aftur suður.

8.3. Reynslan af þessu viðburðahaldi

Mannauður til að halda slíka viðburði hefur lengi verið til staðar á Hólmavík og nágrenni, fjöldi einstaklinga sem eru þauvanir viðburðastjórar. Mikilvægt er að þeir hafi nauðsynlegt bakland og stuðning frá samfélaginu og ef efla á starfsemi eins og þessa. Jákvæðni skiptir þar mestu og margvíslegar minniháttar reddingar, stuðningur og klapp á bakið fyrir vel unnin störf í þágu samfélagsins.

Jafnframt er ljóst að uppbrotin á dagskránni og viðburðir sem tengjast náttúru og menningu á svæðinu skipta verulegu máli, bæði til að hrista hópinn saman sem kemur á ráðstefnur, tengja ráðstefnugesti við svæðið og skapa eftirminnilega upplifun. Þeir þurfa helst að vera Strandavinir eftir að þeir yfirgefa svæðið. Þetta er auðvitað win-win staða því það skiptir líka máli fyrir gestina að efla tengslanetið sitt, kynnast öðrum þátttakendum í viðburðinum vel og einnig heimafólki. Maður veit aldrei hvað af því sprettur í framtíðinni.

Það verður að vera tími fyrir fólk til að tala saman í tengslum við ráðstefnur og það þurfa að vera viðburðir sem hrista fólkið saman. Það þarf að huga að þessum Vá-faktor sem er svo mikilvægur í ferðapjónustu, eða eitthvað sé eftirminnilegt, helst ógleymanlegt.



Ljósmyndir frá alþjóðlegu ráðstefnunni eru teknar af Yuliia Andriichuk

9. Framkvæmdir og fjármögnun

Ef ráðast á í sérstakt verkefni um ráðstefnustaðinn Strandir þarf að gera framkvæmdaáætlun og forgangsraða verkefnum. Jafnframt þarf að mynda starfshóp og útteila ábyrgð, finna tengilið sem aðilar utan svæðis geta talað við á svæðinu og fengið aðstoð hjá og auk þess vinna margvíslega vinnu við markaðssetningu. Þetta eru í raun forgangsverkefni. Jafnframt mætti huga að þeim stöðum sem í boði eru sem fundarsalir og bæta aðstöðu þar og svo þarf að vinna margvísleg verkefni tengd markaðssetningu og kynningu.

Forgangs röðun verkefna:

- Stofna starfshóp um verkefnið skipaðan verkefnastjórum, aðilum úr ferðaþjónustu og frá sveitarfélaginu Strandabyggð.
- Skilgreina lykilaðila sem þurfa að vinna með hópnum við að stýra viðburðum utan dagskrár.
- Koma á samstarf við fyrirtæki og stofnanir á staðnum til að þróa pakkatilboð.
- Markaðssetning á Hólmavík sem ráðstefnustað til lykilmarkhópa.



9.1. Samstarfsmöguleikar utan Stranda

- **Stofnanir og háskólar:** Samstarf við íslenska og alþjóðlega háskóla og fræðafélög, með það að markmið að halda fleiri fræðiráðstefnur, vinnustofur og námskeið, m.a. út frá tengslaneti Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum.
- **Ferðamálasamtök og stoðkerfi:** Skapa tengsl við samtök eins og Markaðsstofu Vestfjarða, Ferðamálaráð og Íslandsstofu til að kynna Hólmavík

sem óvenjulegan ráðstefnustað. Einnig að vinna náíð með Vestfjarðastofu að því þróa verkefnið og ná til hugsanlegra viðburðahaldara og benda þeim á Strandir sem vettvang.

- **Fyrirtæki og einstaklinga í skapandi greinum:** Efla sérstaklega tengsl við listamenn, rithöfunda og kvikmyndagerðarfólk, bæði til að vinna að markaðssetningu, til að gera einstaka viðburði ógleymanlega og einnig til að fá slíka til að halda viðburði á svæðinu.

9.2. Tímarammi

- **Fyrsta árið:**
 - Starfshópur taki til starfa
 - Lykilaðilar skilgreindir og rætt við þá
 - Samstarfi við fyrirtæki og stofnanir komið á.
 - Setja upp kynningarefni og vefsíðu tileinkaða Ráðstefnustaðnum Strandir.
 - Dæmisögum og frásögnum um vel heppnaða viðburði safnað, til að nota til kynningar.
- **2–5 ár:**
 - Hefja markaðssetningu af krafti og leita eftir viðburðum með fjölbreyttum dagskrárliðum og uppbroti sem verður eftirminnilegt.
 - Tengja verkefnið við allt ráðstefnuhald á svæðinu.
 - Hvetja þjónustuaðila til að taka þátt í verkefninu og tengjast því.
 - Festa Hólmavík í sessi sem eftirsóknarverðan stað fyrir sérhæfðar ráðstefnur, málþing, vinnustofur og fundi.



9.3. Viðbrögð & sífelld vinna við úrbætur

Safna þarf endurgjöf frá þátttakendum sífellt og bæta viðburði jafnóðum, miðað við þarfir gesta, hugmyndir þeirra og gagnrýni. Eins þarf að meta árlega árangur af verkefninu með tilliti til efnahagslegra og samfélagslegra áhrifa.

9.4. Fjármögnunarleiðir

- **Sækja um í landshlutasjóði**, eins og Uppbyggingarsjóð Vestfjarða. Leita einnig stuðnings hjá stofnunum og fyrirtækjum í heimabyggð, sem bjóða upp á samfélagsstyrki.
- **Samfélagsstyrkir** frá einkafyrirtækjum og stofnunum.
- **Sveitarfélagið og ríkisaðstoð**: Kanna möguleika á stuðningi frá sveitarfélaginu og landssjóðum sem styðja við uppbyggingu innviða og menningarstarfsemi.
- **Alþjóðlegir styrkir**: Sækja um styrki á borð við Erasmus+ eða Horizon Europe fyrir fræðileg verkefni og ráðstefnur. Skoða möguleika á norrænum styrkjum.



10. Lokaorð

Það er ljóst að það eru ótal tækifæri til staðar til að þróa Hólmavík og Strandir sem heppilegan stað fyrir litlar og meðalstórar ráðstefnur og málþing. Staðurinn býr yfir ákveðnum styrkleikum og möguleikarnir eru miklir. Allir mikilvægir grunninnviðir eru til staðar og mannauðurinn sem þarf í slíkt verkefni að auki.

Náttúrufegurð og möguleikar á útivist, ríkur menningararfur og sterk ímynd svæðisins skapa grundvöll til að byggja upp slíka starfsemi. Með jákvæðni og samheldni að vopni væri auðvelt að ná árangri, samfélaginu til heilla. Mikilvægt er að leggja áherslu á að skapa náin og persónuleg tengsl milli þátttakenda, stuðla að sjálfbærri ferðamennsku og skapa vettvang fyrir fræðilega og skapandi vinnu. Þarna getur Hólmavík vel orðið aðlaðandi áfangastaður.

Hins vegar eru líka áskoranir til staðar sem þarf að yfirstíga, þróun á aðstöðu, vinnu í innviðum, meiri þjónustu á ársgrundvelli, en allt það kemur sér ekkert síður vel fyrir íbúa en gesti. Fjármögnun á slíku verkefni fyrir tengilið og markaðssetningu er einnig lykilatriði, því sjálfbærni til lengri tíma þarf að vera tryggð til lengri tíma. Framtakinu þurfa að fylgja einbeittar markaðsaðgerðir til að tryggja sýnileika Hólmavíkur sem ráðstefnustaðar og leggja þarf áherslu á samvinnu og nýsköpun.

Í slíku verkefni felast einnig margvísleg tækifæri fyrir íbúa á Ströndum. Hægt er að vinna sérstaklega að því að efla tengsl heimafólks við ráðstefnugesti og þátttakendur í vinnustofum, námskeiðum og fundum. Þannig geta orðið til spennandi og skemmtileg samstarfsverkefni.

Verkefnið hefur jákvæð áhrif á ímynd svæðisins og sjálfsmynd íbúa. Þá fara ráðstefnur mjög oft fram utan við háannatíma í ferðaþjónustu og er þetta því tækifæri sem kemur sér mjög vel fyrir ferðaþjóna, lengir tímenn og eykur tekjur utan háannar.

Samstarf sveitarfélagsins, fræðasamfélags og ferðaþjónustuaðila er lykilatriði. Með því að nýta sérstöðu staðarins og góðri samvinnu getur Hólmavík orðið öflugur valkostur með aðdráttarafl fyrir smáar ráðstefnur og málþing, fundi og vinnustofur.